

Nd.

388. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til laga um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupstún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á þremur fundum. Nokkrar umræður urðu um það í nefndinni, hvort ekki væri eðlilegt og rétt að leggja til, að sett yrði í frv. ákvæði, sem á einn eða annan hátt kæmi í veg fyrir, að verðhækkun, sem kynni að verða vegna framkvæmda hins opinbera á þeim löndum, sem um ræðir í frv., rynni að öllu leyti til seljanda. Þótt nefndin liti svo á, að nauðsynlegt væri að setja um þetta einhver ákvæði, taldi meiri hl. nefndarinnar ekki rétt að tefja afgreiðslu málsins með því að leggja til, að tekið yrði upp í frv. slíkt ákvæði, enda ætti það öllu fremur heima í lögum nr. 67 frá 14. nóv. 1917, um eignarnám.

Nefndin var hins vegar sammála um, að rétt sé að setja í frv. ákvæði um, að eigi megi sveitarfélög selja land, sem keypt er samkvæmt þessum lögum, nema til komi samþykki ráðherra og sá hluti þess láns, er veitt hefði verði til að kaupa landið, sem enn væri ógreiddur, yrði þá jafnframt endurgreiddur sjóðnum.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi.

BREYTINGU:

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., er orðist svo:

Eigi má sveitarfélag selja land, sem keypt hefur verið samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda verði þá öll áhvílandi skuld við sjóðinn með veði í landinu greidd að fullu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma.

Guðlaugur Gíslason var fjarverandi vegna sjúkleika, er endanlega var gengið frá málinu, en hann er einnig samþykktur afgreiðslu þess.

Alþingi, 12. marz 1963.

Gisli Jónsson,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Jón Skaftason.

Hannibal Valdimarsson.